

Flóaskóla vantar kennara í afleysingu



Flóaskóli auglýsir eftir kennara/urum í almenna kennslu, tónmennt og sérkennslu til afleysinga út skólaárið 2020 - 2021. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi og er í 15-20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 115 nemendur í 1. – 10. bekk og um 30 starfsmenn.

Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, snemmtæka íhlutun og teymiskennslu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi sínu.

Við leitum að kennara/urum í hlutastarf til afleysinga í almenna kennslu, tónmennt og sérkennslu í 1. – 6. bekk. Áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu þar sem unnin eru þemaverkefni með samþættingu námsgreina og lykilhæfni menntunar að leiðarljósi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari / uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara.
- Skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2021, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eigi síðar en 1. mars. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.